

Böðvar Björnsson

19. október 2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Halla Kristín Einarsdóttir

MiniDV 121, 122, 123

© Krumma films ehf.

Ég heiti Böðvar Björnsson og starfa á Stuðlum í neyðarvistun.

*HG: Þú kemur fyrst á vettvang hvað 80, ertu til í að fara aftur í tíma og muna eftir þessum Bödda sem er til á þessum árum kannski segja frá því hvenær þú gerðir þér grein fyrir því að þú værir hommi og hvernig þú dreifst þig af stað?*

Já héna ég gerði mér svona grein fyrir þessu smátt og smátt í menntaskóla, og héna og ég setti ekkert nafn á þetta. Ég kallaði mig ekkert homma eða þess háttar. Ég tók bara eftir því að ég var farinn að líta ansi mikið á stráka í skólanum og svo einn daginn uppgötvaði ég það að ég var farinn að vera mjög ástfanginn af einum drengnum í skólanum, í menntaskóla og þá var það einu sinni á leiðinni heim úr skólanum að ég sagði við sjálfan mig: Getur það verið að ég sé héna hommi, getur það verið að ég sé alveg eins og hann Laugi rakari og héna þetta var héna held ég í fyrsta skipti að ég orðaði þetta við sjálfan mig, kom nafni á þessar tilfinningar því að ég var náttúrulega ekkert að pæla í því hvað þetta hét, ég var bara að pæla í þessum strák og svo smátt og smátt ágerðist þetta og ég fór að pæla í þessum hlutum og komst að því að sennilega væri ég þessi manntýpa sem að var kölluð hommi og ég fór nú svona eðlilega svolítið dult með þetta svo þetta færi nú ekkert að rugga bátinum í tilverunni en það fylgdu þessu mikil vandkvæði að fara dult með þetta, að ég fór nú svona að velta því fyrir mér hvernig ég ætti að snúa mér í þessu máli. Þó var það svo að seint á árinu '80 að ég frétti af félagsskap sem hét Samtökin '78 og skrifaði þeim bréf og sagðist hafa áhuga á að kynna mér þennan félagsskap og þeir svöruðu bara og sögðu mér hvar þeir voru til húsa og ég fór og heimsótti þá. Þannig byrjaði það og ég fór að starfa með Samtökunum mjög það auðvitað gekk mikið á í sálarlífi manns á þessum árum svona þegar maður var í felum og héna, þetta var svona miklu meira ferli en ég segi frá hér og héna og, en.

*HG: Var þetta krísa?*

Þetta var svona, já lífið var svona þetta var einhver tegund af krísu. Ekkert sem var að kaffæra mig eitthvað en svona viðvarandi krísa og, en þetta kafsígldi mig á engan hátt.

*HG: Þú talar um Lauga eða Gulla rakara, hvernig var andrúmsloftið á þessum árum, var hann eini homminn eða hvað? Hvernig var Laugi rakari?  
Svona fólk*

Laugi rakari var sennilega svona eini homminn sem að ég vissi um. Ég hef kannski vitað um einhverja fleiri en ég hafði ekkert gefið því neitt sérstaklega gaum. Af því að ég var nú ekkert að pæla í homnum almennt og en það fór ekki fram hjá neinum með Lauga og hérna þannig að það var eðlilegast svona líka, ég gekk framhjá rakarastofunni á hverjum degi úr og í skóla þannig að það var kannski eðlilegt að hann kæmi svona upp í hugann og ég hafði farið þarna í nokkur skipti og látið hann klippa mig en ég hafði verið varaður sérstaklega við því að fara til hans vegna þess að það var sagt að hann reyndi að klippa mann alveg eins og stelpu (*hlær*) og allir strákar sem færu í klippingu til hans kæmu út eins og stelpur. Ég varð nú ekkert var við það þegar ég fór í klippingu til hans en þessar sögur gengu um hann þannig að hérna. En andrúmsloftið gagnvart homnum var þannig að manni langaði nú ekkert sérstaklega til þess að fara koma úr felum þá, það var náttúrulega alveg út úr kortinu. Vegna þess að það sem gerðist sjálfkrafa þá, þegar maður kom úr felum þá hætti ég að vera Böddi og hefði bara orðið hommi og maður vill nú ekki alveg tapa sjálfum sér. Og þetta var það sem að mér fannst mesta málið að fá ekki að vera ég sjálfur og þurfa að verða þá sennilega orðið mjög þekktur hommi ef að ég hefði komið út úr felum á þessum tíma vegna þess að það voru svo fáir sem að hérna höfðu komið úr felum og þetta skelfdi mig svolítið mikið að, að ef ég ætti eftir að missa sjálfa mig og verða eitthvað svona, æ eitthvað svona þorpsfífl eða í þá áttina.

*HG: Getur þú sagt okkur söguna aftur þegar þú fórst fyrst niður í Samtökin '78?*

BB: Já þegar ég fékk bréfið frá Samtökunum þá...

...

Það sem pirraði mig var það að það hafði engum dottið til hugar að tala við okkur. Þetta voru bara einhverjir fræðingar hérna, sem bara forðuðust okkur í lengstu lög og komu með svo einhver orð yfir okkur og við áttum að vera þakklát! Og voru svo bara mjög undrandi á því að við vorum ekki bara klökk af þakklæti yfir þessum orðskrípum sem þau komu með og þetta pirraði mig gífurlega en þetta auðvitað lýsti samfélaginu í þá daga þó að það sé ekki lengra síðan, þessi forsjarhygga og svona einhver embættismannaáðall sem átti að kenna públíkúminu hvar þeirra staður væri í samfélaginu. Þetta var allt hluti af þeim meiði og það yrði hlegið að þessum mönnum í dag ef að þeir kæmu svona fram. En það var engum hlátur í huga. Það þótti ósköp eðlilegt. En sem betur fer tókst okkur að berja niður þessa vitleysu og orðið kynhvarfi og hýr og fleiri svona orðskrípi þau

bara dóu drottni sínum og þessu fallegu klassísku orð hommi og lesbía og svo samkynhneigð þau bara einhvern veginn náðu að lifa þessa atlögu af.

*HG: Við vorum líka kölluð öllum illum nöfnum getur þú talið þau upp?*

Sko oftast var bara einhverju bætt við orðið hommi. Vegna þess að orðið hommi í sjálfu sér er ekkert neikvætt og jafnvel þó það hafi verið hlaðið svona neikvæðri merkingu hjá nokkrum á þeim árum þá þurfti alltaf að bæta einhverju við og þá var náttúrulega alltaf helvítis homminn þinn, djöfulsins homminn þinn, homma-auminginn þinn, homma-titturinn þinn þannig að það þurfti alltaf að bæta við orðið sem sýndi það hvað orðið var gott í sjálfu sér að þurfa þessar viðbætur. Síðan voru þessi orð eins og afturúrkreistingur, sódó og herna veistu að sem betur fer er ég bara búin að gleyma öllum þessum orðum...

*H: En kynvillingur?*

Kynvillingur, það er nú aðalorðið, það var aðalorðið og það var notað af öllum fjölmiðlum og þótti mjög fint orð. Sennilega var það sem var öskrað mest á mann, kynvillingur, og þá einhverju bætt framan eða aftan við það. Ég man bara ekki eftir fleirum í bili.

*H: Tölum þá um alnæmi, hvernig var tilfinningin þegar að þessi ömurlegi sjúkdómur kom fram á sjónarsviðið, afneitun, viðbrögð etc?*

Þegar alnæmi kom upp voru Samtökin sjálf komin, orðin svolítið establiseraður félagsskapur, voru orðin svona svolítið sterk inn á við. En út á við þá vorum við mjög veik. Það hafði nánast ekkert unnist í okkar réttindabaráttu eða mjög lítið. Og síðan kemur alnæmi og ofan í þetta ástand hér, ofan í þetta veika félagslega ástand okkar og svona, þannig að þetta var mjög svart og þetta, mér fannst einhvern veginn svona bara allt væri að hrynja sem við höfðum verið að byggja upp, bara margra ára starf að fara í súginn bara allt að fara til helvítis og herna, svo þegar menn fóru að veikjast í kringum mann einn af öðrum, veikjast og áttu mjög erfiða sjúkdómslegu og dauðdaga og fara svo að deyja einn af öðrum þetta svona dró mjög úr okkur öllum þetta var svo mikið svartnætti. Síðan samhliða þessu var svo mikið andstreymi gegn okkur í samfélaginu og það var komið mikið frá kristnu fólki og það var orðið hættulega mikið. Fólk var bara orðið svolítið hrætt um sig oft. Það var

*Svona fólk*

talað þannig um okkur í blöðum að það var hreinasti viðbjóður. Morgunblaðið var skelfilegt og fréttirnar sem Morgunblaðið var að koma með utan úr heimi um pestargemlinga, kynvillinga og öfugugga og einhvern þvætting úr biblíunni og samhliða þessu. Þetta voru alveg skelfileg ár og þetta breytti mér töluvert að svona, þetta hafði svona varanleg áhrif á mig. Ég hef aldrei orðið eins léttur í lund eins og ég var fyrir þennan tíma. Einhvern veginn. Maður kemst nú yfir alla hluti á endanum en þetta allt einhvern veginn breytti mér og þetta breytti flestum og þetta voru bara, þetta var bara ísöldin sjálf sem lagðist yfir allt og eyddi öllu lífi. Og síðan út frá þessu, að þarna voru tugir folks, tugir homma voru smitaðir þá neyddist samfélagið að viðurkenna tilveru okkar og urðu að fara tala við okkur, heilbrigðiskerfið og félagskerfið og þetta var byrjunin á þessum uppgangi sem síðar kom þannig það var í gegnum AIDS og öll þessi dauðsföll sem við fórum að ná sambandi við samfélagið og ná smátt og smátt réttindum okkar. Það var byrjað að hlusta á okkur, við urðum til og við urðum marktækur hópur og hópur sem hægt var að fara að ræða við af fullri alvöru og hérna, þannig að AIDS markaði mikil þáttaskil ég held alls staðar á vesturlöndum í sambandi við stöðu homma og lesbía. Þó þetta hafi verið mjög erfið og sársaukafull þáttaskil þá hérna, þetta, í framhaldi af þessu gerðist margt mjög gott.

*HG: Bjössi vinur minn talaði um að vera brennimerktur. Hvernig hafði þetta áhrif á samskipti hommana, lóðarí etc.?*

Þetta náttúrulega gerði það að verkum að svona öll endurnýjun í skemmtanalífinu hún hætti og hérna og veiðamar urðu svona, þetta var ekki gert með sama, sömu gleðinni og áður og dró mjög úr þessu öllu saman og allt hommasamfélagið fór inn í svolitla skel. Og menn urðu mjög tortryggir gagnvart hvor öðrum og ef einhver fékk flensu þá var bara; “Nú er hann kominn með pláguna?” og þetta einhvern veginn, þessi tengsl á milli okkar í Samtökunum þau svona, þau urðu ekki jafn traust og áður. Þetta varð svona að mörgu leyti, ekki öllu leyti og síðan þeir sem voru smitaðir og veikir þeir upplifðu sig mjög utangarðs og hérna og líka í hommasamfélaginu. Vegna þess að hommasamfélagið líka til að byrja með hafnaði þeim. Og það var mjög erfitt fyrir þá sem smituðust að fara koma líka úr felum innan hommasamfélagsins sem smitaður. Þetta var dauðadómur á þessum árum. Og ég átti svona samtöl við smitaða stráka, þeir ræddu oft við mig og hérna lýstu sinni vanlíðan og hvað þeim fyndist, hvað þeir upplifðu sig eina og hvað hérna langt út í buskanum frá öllu. Eina og óhreina og hérna þannig að þetta var gífurlega erfitt fyrir þá að fara í gegnum þennan process. Það sem kom mér kannski mest á óvart var það var samt hvað þessir strákar voru

sterkir þegar á reyndi. Hvað folk hefur svona, mikið eitthvað auka í sér þegar eitthvað kemur upp á. Því þetta voru mjög ungir menn og það var svona, ég hefði ekki getað finnst mér tekið þessu á sama hátt og ég sá þá gera. Ég þældi oft í því hvað þeir voru hrikalega sterkir, hvernig þeir tóku á þessum málum.

*HG: Þú starfaðir sem alnæmisráðgjafi.*

Það sem að gerði það að verkum að ég fór að starfa við þetta þegar þetta var að koma upp, alnæmi, þá fór ég í alnæmispróf bara með fyrstu mönnum og talaði í framhaldi af því við Helga Valdimarsson professor í ónæmisfræðum sem var þá með þessi próf og ræddi við hann um Samtökin og gay liðið hér á landi og það yrði eitthvað að gera í þessu og hitti Helga í nokkur skipti, bað hann um að koma upp í Samtök og fjalla um þennan sjúkdóm sem hann gerði. En í framhaldi af því að þá bjó ég til bækling um hættulaust kynlíf, og venjulega er svona búið til af opinberum stofnunum, einhverjum sérfræðingum, og ég man eftir því að bara ég þýddi þetta heima og þetta var sett á A4 blað sem var brotið saman og hérna og, ljósritað og dreift. Þannig að þetta var á A4 blað sem var klippt í tvennt, tveir bæklingar á sama blaði og svo brotnir saman. Og þannig varð fyrsti bæklingurinn til og út frá þessum samskiptum við heilbrigðiskerfið að þá hérna fékk ég smá starf við þetta svona hálf dags starf bara að hérna mjög óskilgreint starf, bara að starfa eitthvað í sambandi við alnæmi og ég var í þessu starfi í sjö, átta mánuði og var ekki vanþörf á. Bara að ræða þetta niðri Samtökum, útbúa bæklinga og dreifa þeim til hommana og veita svo fræðslu um þetta fyrir þá sem óskuðu eftir því og, en ég kom svona lítið nálægt þeim sem voru smitaðir. Ég þekkti bara suma og spjallaði við þá sem vini og kunningja en það var mjög lítið í starfinu sem sneri beint að þeim. Og þetta var svona töluverð barátta að fá heilbrigðiskerfið að ræða við okkur og þetta starf var svona, mjög mikil læti í kringum þetta og hérna milli þá okkar og landlæknis, en samt alltaf samband og þessi tengsl líka gerðu það að verkum að við vorum bara allt í einu orðin einhver stærð í samfélaginu sem varð að fara ræða við og taka tillit til og hérna reikna með. Það var út frá þessum vaxtarbroddum sem að alþingismenn fóru svo að tala við okkur og hérna, pólitíkusar. Og svona einn af öðrum og þá byrjaði svona virkilega þessi réttindabarátta.

*HG: Hvert var markmiðið til að byrja með?*

Við höfðum ekkert markmið, við vorum ekki búin að setja neitt niður fyrir okkur, við vorum ekki með neinn endapunkt. Við vorum bara meira að kljást við mál frá degi til dags stefnulaust og ég man ekki eftir neinni svona strategíu sem að við settum upp til að fylgja eftir og við gerðum okkur ekki vonir um að ná svona langt eins og hommar og lesbíur hafa náð í dag. Það sem að mér finnst mjög gott í dag er að þetta er komið í lög og mér finnst að sem flest eigi að koma í lög. Því það getur alltaf komið bakslag í viðhorf gagnvart hópum og þá er svo gott að eiga þetta í lögum. Og menn þurfa alltaf að vera vakandi og halda þessu við, það hefur mjög mikið áunnist en menn verða að vera vakandi. Ég treysti ekki á óbreytt ástand. Það er ekkert sem heitir óbreytt ástand það er bara heimurinn er breytilegur frá degi til dags og menn þurfa alltaf að verja sitt svæði því annars getur það verið horfið á morgun. En því meira sem fer í lög því erfiðara verður að taka þetta frá okkur en við einhvern veginn þarna aftan í myrku miðöldum þar sem að við vorum þá, ég man ekki eftir neinu takmarki hvert við ætluðum. Við ætluðum bara að gera þetta betra. En á hvern hátt eða hvað mikið betra við pældum ekkert í því.

*HG: Þú hættir að starfa með Samtökunum eftir að þú varst ráðgjafi...*

Já hérna ég svona '88 - '89 þá fer ég að fjara þarna út í Samtökunum svona smátt og smátt. Kannski þá svona á þeim árum þegar aðeins er að byrja að ná einhverjum árangri og ég ætlaði mér aldrei að hætta í Samtökunum svona eins og það þróaðist einhvern veginn. En ég ætlaði bara að taka mér smá hvíld frá þessum heimi, sjá hlutina frá öðru sjónarhorni og en svo bara æxluðust málin þannig að ég kom ekkert aftur til starfa það var engin ákvörðun, eins og flest sem skeður í lífi manns þá er þetta bara það bara leiðir eitt af öðru. Það má segja að ég hafi bara ætlað í vikufrí en svo bara gerðist eitthvað í frínu sem leiddi mig eitthvað annað og svo eitthvað annað. Ég var alltaf á leiðinni aftur upp í Samtök aftur og er ennþá og ég fer kannski næsta fimmtudag (*hlær*). Ég lít nú alltaf við í Samtökunum og kem svona á einstaka skemmtanir en ég hef ekki verið viðloðandi Samtökin í eitthvað svona 15 ár og, það er svo skrítið að þegar maður er kominn svona rækilega úr felum að þá einhvern veginn gleymir maður því að maður er gay skilurðu, þetta bara einhvern veginn gleymir maður að maður sé hommi og þetta verður svo sjálfsagður hlutur í manni.

*HG: Hvernig býrðu í dag?*

Ég hérna er í sambúð í dag með tælenskum manni og er búinn að vera í sambúð með honum í ellefu ár. Ég veit ekki hvað ég á að segja um það og það er ósköp lítið að segja um það. Það er bara eins og með önnur sambönd. En ég lifi bara ósköp venjulegu fjölskyldulífi, við eigum kött og ég veit ekki hvar hann er ætli hann sé ekki bara undir rúminu núna og lætur ekki sjá sig í dag. En, ég er svona ágætlega sáttur og sæll með mitt bara eins og hægt er að vera.

*HG: Áttu einhverja sögu um Trixie?*

Trixie var einn af þessum mönnum sem að ég leit mjög upp til og ég tala nú ekki um eftir að hann veiktist því að það sem að Trixie gerði eftir að hann veiktist var alveg ótrúlegt það var nú alltaf, hann var alltaf mjög sjálfstæður maður og fór sínar leiðir og eftir að hann veiktist, hann lét það ekkert á sig fá. Hann bara hélt sínu striki, hann var alltaf sami gamli Trixie og hélt áfram að vera glaður og skemmta sér og einhvern veginn. Ég man ég frétti af honum, hann fór til Hollands rétt áður en að hann dó í hjólastól, blindur að skemmta sér í Amsterdam og þótti alveg hrikalega gaman. Og það eru nú ekki margir sem að myndu leika það eftir sko. Og það fóru margir á þessum árum af þessum sterku karakterum og þessum litríku karakterum og við, hinir litlausu, urðum eftir eða margir okkar.

*HG: Skildi alnæmi eftir stór ör?*

Eins og ég sagði áðan þá breytti þetta mér á einhvern varanlegan hátt og ég fór mjög langt niður á þessum árum. Og þetta var bara mikið svartnætti.

*HG: Í minningunni fannst mér eins og mikið hefði áunnist áður en að AIDS kemur en það sló mig að í raun var svo ekki því AIDS kemur inn svo snemma.*

Sko það sem ég svona, ég, varðandi alnæmi það er þessi ótti og óhugnaður sem að lagðist yfir hommasamfélagið það var svona kjarninn í þessu hvað gerðist. Og við einhvern veginn lifðum ekki í sama samfélagi og aðrir. Við upplifðum bara plágu og hérna vegna þess að 200 manna samfélag og 50 manns voru smitaðir og þetta var okkar samfélag. Þetta er bara svipað og fólk upplifði hérna áður fyrr með plágurunar og svo þessi spurning “Hver er næstur?” Þetta var mjög óhugnarlegt þú



veist, þessi er orðinn veikur og þessi og hérna já það var svona þessi ótti og vonleysi og svartnætti sem að lá yfir öllu.

*HG: Eitt að lokum Anna Frík. Gætir þú lesið eitthvað úr henni?*

Á ég ekki að segja aðeins frá Önnu Frík? Árið '93 þá gaf ég út þessa bók *Önnu Frík* og þetta voru svona bara ljóð sem urðu til í þessum kreðsum og partíum, bara orð, setningar og hugtök.

*HG: Byrjum aftur.*

Árið '93 gaf ég út þessa bók, *Dagbók Önnu frík*, þetta var svona reynsla mín úr Samtökunum svona sett fram á frekar öfgafullan hátt og svona setningar sem ég hafði heyrt hér og þar í partíum og húmor sem ég hafði heyrt í Samtökunum í gegnum árin og þetta var svona, þetta voru svona hálfgerð partíljóð og já...

*HG: Hver er Anna frík?*

Hún er bara tákn fyrir hérna ungan strák á þessum aldri, á þessum árum fyrirgefðu, ungan hommastrák á þessum árum og svona hérna lífið sem að þeir lifðu og lífsreynslu, þessi samtök og þessar Kaupmannahafnarferðir sem áttu að frelsa alla og hérna, þetta var bara svona lífsreynsla þessara stráka sem ég var að skemmta mér með.

*HG: Fórstu til Kaupmannahafnar?*

BB: Já ég fór til Kaupmannahafnar.

*HG: Ég kem að því á eftir.*

Já ég svona punktaði þetta niður og gaf út '93. Ég ætla að lesa upp hérna eitt ljóðið sem heitir *Samtökin*. Það hljóðar svona:

Samtökin eru ekki sýnd á neinu korti  
 Samt eru þau hugsalega til  
 Á uggvænar dyr í bakhúsi ég banka  
 Og bíð þess sem ég hræðist og vil  
 Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi  
 Enda forskotið helst til of lítið  
 Þegar fyrir opnum dyrum dolfallinn ég stend  
 Og dáfagur piltur segir: Þú en skrítið!  
 Mig sundlar þegar ég brosi og aftur brosi  
 Bara að áhyggjunum af mér létti fljótt  
 Og eitthvað út mig tosi og aftur tosi  
 Rangt er sem áður rétt var talið  
 Rumskar nú sem inni var alið laumast á stjá sem fyrr var falið  
 Frískast það sem áður var galið

2

Inni stara strákarnir á mig  
 Ég stend (og mér öllum) einsog þvara.  
 Keisaraynjan af kaos sjálf og gógó Þær kynna alla til vonar og vara:  
 Simbi Binni og Tóta Björk tútta Trixí Delight og Nonni súper sódo  
 Glóbó sæta og Lína leðurþýða  
 Lalli bí og Dúddi og Öddi ódo Einstæðings Donni og Austfjarðarþokan  
 Sá innistæðulausi og Böddi beibí  
 Þuríur sundfyllta og sædrottningin í baðinu  
 Siggí suck og Maggi meibí  
 Rangt er sem áður rétt var talið  
 Rumskar nú sem inni var alið  
 Laumast á stjá sem fyrr var falið  
 Frískast það sem áður var galið

3

Þátíð firrtur og reyni að þykjast ég sjálfur  
 Þannig á það víst að vera

Strákarnir kenna mér klækina alla  
Ég kópiera allt sem ég sé og hlera úr felum  
Við (okkur) fjölrítum grimmt  
Fjendanna hrun er vel undirbúið  
Við párum og skröfum og skemmtum okkur  
En skelfing hvað allt er öfugsnúið  
Hommamir eru sundrað lið  
Og sensorerað sóknin er mannlaus  
Og allslaus að kalla  
Við erum ekki eins og hinir  
Hommarnir hugsa flónin og á eigin bragði falla  
Rangt er sem áður rétt var talið  
Rumskar nú sem inni var alið  
Laumast á stjá sem fyrr var falið  
Frískast það sem áður var galið

4

Þeir vilja að við höfum hægt um okkur og horfnir gegnum lífið læðumst  
Þarf endilega að flagga þessari fötlun finniði ekki að við ykkur hræðumst?  
Frá bókinni horft eruð þið sjúkir og sekir  
Og syndugir - allt í einum þakka  
Fyrir að fá um mínar götur að ganga  
Úr gasklefum frjálsir pent þið skylduð þakka  
Samfélagið er auðvitað ykkar líka  
Og alla ykkar tilveru met ég og skil  
Þið verðið bara að virða afstöðu okkar  
Að eðlilega eruð þið ekki til  
Rangt er sem áður rétt var talið  
Rumskar nú sem inni var alið  
Laumast á stjá sem fyrr var falið  
Frískast það sem áður var galið

Ég átti mjög erfitt með að lesa síðasta erindið ég var alveg bara kominn að því að stoppa. En svo er hérna. Ég ætla bara að lesa byrjunina hérna.

Ég heiti Anna Frík og er í felum og friðlaus hími ég í mínum skáp  
Ég er villtur frjáls en þó í fjötrum  
Og fitta hvergi inni lífsins ráp  
Já nafn mitt er Anna Frík ég er í felum  
Þið finnið mig aldrei greyin mín sæt og fin  
Mitt feikaða trýni er mitt á meðal ykkar  
Jafn marklaust og allra við fyrstu og hinstu sýn

*HG: Ég hafði ofsalega gaman að henni. Ein spurning í viðbót. Kaupmannahafnarferðirnar.*

Já það svona hérna, þar var ég alltaf ósammála öllum um þessar Kaupmannahafnarferðir. Ég einhvern veginn, mér fannst ekkert varið í þær. Menn fóru þarna út og þarna átti frelsið að búa og ég varð ekkert var við neitt frelsi þarna úti. Ég varð hins vegar var við mjög mikla neyslu. Og þeir sem voru þarna útúr skakkir voru ekkert að gera og hérna mér fannst þeir ekkert vel settir. Síðan komu þeir heim svona frekar lífsþreyttir fannst mér og, þetta er ein hliðin og svo auðvitað fóru þessir menn út líka og sóttu upplýsingar og kúltur og komu með hann heim þannig að þetta var alls ekki neikvætt á allan hátt ég einhvern veginn, mér fannst bara ekkert sérstaklega mikið varið í Kaupmannahöfn og skildi aldrei alla þessa umræðu um Kaupmannahöfn hún var svona mikið á jákvæðu nótonum, þarna var bara himnaríki sko og, ég gat bara ekki keypt þetta.

*HG: Þetta var náttúrulega rosalega mikil neysla á okkur og heima líka. Við drukkum mikið.*

Já, já neyslan var ekkert bundin við Kaupmannahöfn en það var mjög mikil neysla af því að það var svo mikið skemmtanalíf bara, á þessum árum var miklu meira drukkið almennt en er í dag og, og það var mikill hasskúltur hjá gayliðinu og það var náttúrulega mikið reykt. Það voru náttúrulega aðallega þessir tveir vímugjafar, það var grasið og brennivínið. Það var héma Campari og hass eða Bianco og hass eða Bianco og maríúana þetta var mjög mikið viðloðandi okkar, hérna bara allt okkar skemmtanalíf og var okkur flestum til mikillar ánægju en auðvitað fóru sumir flatt á þessu.

*Svona fólk*

*HG: Eitthvað að lokum?*

Já ég er bara ennþá á leiðinni upp í Samtök, kannski ég fari bara næsta fimmtudag. Ég hérna fylgist alltaf mjög vel með Samtökunum þó ég starfi ekki þar og styð þau alltaf og er mjög ánægður með Samtökin og hérna hafa gert mikið fyrir okkur og hafa gert mikið fyrir gay líf á Íslandi, þó svo að hlutverkið fari að breytast núna hvað úr hverju og já...

*HG: Ég fæ að mynda þig þegar að þú ferð aftur upp í Samtök.*